



Bandarískir ferðamenn mjög áberandi í maí


Fjöldi brottfara bandarískra ferðamanna frá Leifsstöð nam 7.490 í maí. Heildarbrottfarir erlendra ferðamanna voru tæplega 14.400 í maí og voru Bandaríkjamenn því helmingur ferðamanna. Þetta er ákveðin vísbending um það sem koma skal í sumar en líklegt er að bandarískir ferðamenn verði mjög áberandi hér á landi á næstu mánuðum.

Niðurbrot á tölum um erlenda ferðamenn eftir þjóðerni ná aftur til ársins 2002. Hlutfall Bandaríkjamanna af heildarfjölda erlendra ferðamanna var 52% nú í maí og hefur engin þjóð mælst með jafn hátt hlutfall áður. Fyrra metið var frá júní 2018 en þá voru það einnig Bandaríkjamenn sem í hlut áttu. Þá mældust þeir 39,7% allra erlendra ferðamanna. Frá árinu 2015 hafa Bandaríkjamenn nær alltaf verið fjölmennastir ferðamanna hér á landi en hlutfall þeirra hefur legið á bilinu 19-30%. Ein undantekning er á þessu en í fyrra voru Bretar fjölmennastir. Faraldurinn hristi mismikið upp í ferðalögum erlendra ferðamanna á síðasta ári og fækkaði þeim mjög mikið hér á landi sem annars staðar. Það er því kannski ekki alveg að marka síðasta ár hvað þetta varðar.


Meðalneysla hvers Bandaríkjamanns meiri en meðalneysla annarra ferðamanna

Sé litið til talna um greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna sést að mikilvægi bandarískri ferðamanna var enn meira en lesa má út úr hlutfallslegum fjölda þeirra. Þannig nam greiðslukortavelta þeirra tæplega 60% af heildarveltu erlendra ferðamanna í maí. Af því má ráða að neysla hvers Bandaríkjamanns hafi verið meiri en meðalneysla ferðamanna annarra þjóða. Þær þjóðir sem komu næstar á eftir Bandaríkjamönnum voru Þjóðverjar, sem voru með 7% heildarveltunnar og Bretar sem voru með 6,5% heildarveltunnar.

Vægi einstakra þjóða af heildarferðamannafjölda 2015-2019



Kortavelta eftir þjóðerni í maí





Fullbólusettir í Bretlandi og Bandaríkjunum eru nú um 43%

Fastlega má gera ráð fyrir að Bandaríkjamenn verði fjölmennastir á þessu ári og að hlutfall þeirra nú í sumar verði mjög hátt og mun herra en í meðalári. Ástæðan er fyrst og fremst sú að þeir eru ásamt Bretum komnir lengst í bólusetningum, sé litið til helstu viðskiptalanda íslenskrar ferðaþjónustu. Hlutfall fullbólusettra var um 43% í Bretlandi og Bandaríkjunum í síðustu viku. Það er einnig verulega mikilvægt fyrir innlenda ferðaþjónustu að bólusetningar séu komnar þetta langt í Bretlandi en Bretar hafa á síðustu árum verið næstfjölmennasti hópur erlendra ferðamanna á eftir Bandaríkjamönnum. Sé litið til annarra mikilvægra viðskiptalanda íslenskrar ferðaþjónustu var bólusetningarhlutfallið í kringum 25% í Danmörku, Þýskalandi, Spáni og Noregi. Hlutfall fullbólusettra hér á landi er komið upp í tæplega 38%.


Gosið í Geldingadölum hefur vakið töluverða athygli í Bandaríkjunum

Annað sem hefur haft áhrif á ferðalög Bandaríkjamanna hingað til lands er að þeir eru farnir að ferðast til annarra landa af miklum krafti. Þrjú bandarísk flugfélög munu fljúga áætluðarflugi milli Bandaríkjanna og Íslands í sumar, auk annarra félaga eins og t.d. Icelandair. Ísland hefur fengið heilmikla landkynningu í Bandaríkjunum vegna eldgossins í Geldingadölum. Bæði hefur verið fjallað um það í fréttaskýringarþættinum 60 minutes og Good Morning America, sem er einn vinsælasti morgunþátturinn í bandarísku sjónvarpi.

Bretar óvenjulítið áberandi

Það sem af er ári hafa Bandaríkjamanna verið rúmur fjórðungur af heildarfjölda ferðamanna hér á landi. Önnur fjölmennasta þjóðin síðustu ár, Bretar, voru einungis 2,2% af ferðamannafjöldanum en hlutfallið hefur legið á bilinu 13-21% á síðustu árum. Strangar samkomutakmarkanir sem hafa verið við lýði í Bretlandi á löngum tímabilum eftir áramót hafa haft mikil áhrif á ferðalög þeirra. Þessum takmörkunum hefur verið létt á síðustu vikum og er líklegt er að þeir verði meiri áberandi seinni hluta ársins en það sem af er ári.

Bólusetningar í helstu viðskiptalöndum ferðaþjónustunnar





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.